

**Takmarkanir á rétti aðila til að semja ágreining  
undan úrlausn almennra dómstóla**

**- BA ritgerð í lögfræði –  
Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson**

**Lagadeild  
Félgasvísindasvið Háskóla Íslands  
Haukur Örn Birgisson  
Október 2013**

## EFNISYFIRLIT

1 Inngangur .....	2
2 Samningaréttur .....	3
2.1 Meginreglur .....	3
2.1.1 Skuldbindingargildi samninga.....	4
2.1.2 Samningsfrelsi .....	5
2.2 Ógilding löggerninga.....	6
3 Rétturinn til að bera einkaréttarlegan ágreining undir dómstóla.....	7
3.1 Mannréttindasáttmáli Evrópu .....	8
3.2 Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna .....	9
3.3 Landsréttur .....	9
4 Almenn heimild 1. mgr. 24. gr. eml. til að undanskilja sakarefni lögsögu dómstóla með samningi .....	10
4.1 Vísun til gerðardóma.....	12
4.2 Úrlausn utan dómstóla.....	14
5 Mörk réttinda til að semja mál undan úrlausn almennra dómstóla .....	16
5.1 Dómafordæmi.....	18
6 Niðurstaða .....	20
Heimildaskrá .....	22
Dómaskrá .....	24

# 1 Inngangur

Einn mikilvægasti grundvöllur allra viðskipta er meginreglan um sanningsfrelsi aðila. Svo mikilvæg er reglan í raun að erfitt er að gera sér í hugarlund lýðræðislegt samfélag þar sem hennar nýtur ekki við. Víða í lögum eru þó skorður settar sanningsfrelsinu og þá iðulega til að vernda önnur persónuleg réttindi eða opinbera hagsmuni.

Líkt og rakið verður á eftir felur sanningsfrelsið meðal annars í sér frelsi til að ráða efni þeirra samninga sem menn kjósa að gera. Svo dæmi séu nefnd eru í viðskiptasamningum gjarnan ákvæði um að deilur, sem spróttnar eru af efni samningsins, skuli undanþegnar úrlausn almennra dómstóla og í félagssamningum má stundum finna sambærileg ákvæði um deilur milli félagsmanna. Téð ákvæði mæla þá fyrir um að komi upp ágreiningur milli samningsaðila (eða eftir tilvikum félagsmanna), sem almennt væri hægt að krefjast lausnar á fyrir héraðsdómi, séu þeir skuldbundnir til að leysa ágreininginn á öðrum vettvangi.

Ákvæði sem þessi eru algengari en margir gera sér grein fyrir og má ætla að fjöldi fólks hafi gengist við þeim án sinnar vitundar. Þjónustuskilmálar leitarvefsins Google eru dæmi um löggerning sem ætlað er að takmarka rétt aðila til að leita úrskurðar almennra dómstóla. Samkvæmt ákvæðum skilmálanna teljast allir, sem nýta sér þjónustu Google, samþykkir því að ágreiningsmál, sem kunna að rísa, verði aðeins og eingöngu sótt fyrir alríkisdómstólum í Santa Clara-sýslu í Kaliforníuríki Bandaríkjanna.<sup>1</sup> Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 53/1989 um sanningsbundna gerðardóma<sup>2</sup> kemur fram að á þeim tíma er lögin voru sett hafi um 80% af öllum samningum í alþjóðlegum viðskiptum gert ráð fyrir gerðarmeðferð.<sup>3</sup>

Í ritgerð þessari verður fyrst fjallað stuttlega um meginreglur samningaréttar og hvað sé fólgið í sanningsfrelsinu. Þá verður skoðaður réttur aðila til að bera ágreining undir dómstóla og síðan ákvæði laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála,<sup>4</sup> sem heimilar að sakarefni sé undanskilið lögsögu dómstóla með samningi. Í því samhengi verður jafnframt fjallað um heimildir til að vísa málum til gerðardóma og til að leysa þau utan dómstóla. Þegar þangað er komið verða reifaðir hæstaréttardómar, þar sem reynt hefur á umfjöllunarefni ritgerðarinnar, og að lokum verða niðurstöður teknar saman. Í ritgerðinni verður leitast við að draga fram þær réttarreglur sem staðfesta eða takmarka framangreint frelsi, eða á einhvern hátt hafa áhrif á túlkun slíkra reglna.

---

<sup>1</sup> „Þjónustuskilmálar Google“, <http://www.google.com>.

<sup>2</sup> Framvegis rituð gdl.

<sup>3</sup> Alþt. 1988-1989, A-deild, bls. 2468.

<sup>4</sup> Framvegis rituð eml.

Sömu sjónarmið eiga að miklu leyti við um rétt einstaklinga og lögaðila til að semja mál undan úrlausn almennra dómstóla þegar fullt jafnrétti er á milli samningsaðila. Þegar hallar á annan aðila löggernings kann þó að vera að samningsákvæði sé túlkað sterkari aðilanum í óhag.<sup>5</sup> Að öðru leyti er ekki tilefni til að kanna í þessari ritgerð muninn sem getur verið á rétti einstaklinga og lögaðila til að undanskilja ágreining lögsögu almennra dómstóla.

Í ritgerðinni verður hugtakið almennir dómstólar notað yfir þá dómstóla sem um gilda ákvæði 1. gr. eml. og 3. gr., sbr. 192. gr. og 196. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála,<sup>6</sup> þ.e. héraðsdómstóla og Hæstarétt. Er þetta í samræmi við skilgreiningu lögfræðiorðabókarinnar<sup>7</sup> og ákvæði 2. gr. gdl. Í riti sínu *Einkamálaréttur* nefnir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari og fyrrverandi prófessor, hina almennu dómstóla einungis dómstóla og tiltekur til frekari útskýringar að gerðardómar séu ekki dómstólar í skilningi eml. heldur séu þeir „úrlausnarstofnanir utan dómstólakerfisins“.<sup>8</sup> Til að tryggja skýrleika verður skilgreiningu lögfræðiorðabókarinnar og gdl. beitt þótt hugtakanotkun Markúsar sé óneitanlega þjálli.

## 2 Samningaréttur

Fræðigreinin samningaréttur fjallar um þær réttarreglur er gilda um samninga og aðra löggerninga á sviði fjármunaréttar.<sup>9</sup> Samningur er hvergi skilgreindur í lögum en samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi því er varð að lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga,<sup>10</sup> ber að leggja í orðið „þann skilning, sem það venjulega hefir í íslensku lagamáli, að samningur sé samþykkt tilboð“.<sup>11</sup> Hefur þessi skilgreining fengið að standa að mestu óröskuð síðan lögin voru skrifuð og má lesa úr nýrri skilgreiningum að þeim sé fyrst og fremst ætlað að skýra nánar inntak hennar.<sup>12</sup>

### 2.1 Meginreglur

Áður en sml. voru lögfest giltu engin heildstæð lög um samningsgerð á Íslandi. Þess í stað fylgdu menn, í viðskiptum sínum, venjulegum sem þóttu bæði fastar og ótvíræðar um þetta

---

<sup>5</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 156-157.

<sup>6</sup> Framvegis nefnd sakamálalög.

<sup>7</sup> *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 19.

<sup>8</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 123.

<sup>9</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 17.

<sup>10</sup> Framvegis rituð sml.

<sup>11</sup> Alþt. 1935, A-deild, bls. 784.

<sup>12</sup> Í *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 367, er hugtakið samningur til dæmis skilgreint svo: „Löggerningur sem byggist á gagnkvæmum eða nátengdum viljayfirlýsingum milli tveggja eða fleiri aðila sem ætlað er að binda þá báða eða alla að lögum.“

réttarsvið. Hlutverk sml. var fyrst og fremst að lögfesta gildandi venjureglur en auk þeirra voru þó innleidd nokkur nýmæli sem þegar höfðu tekið gildi á hinum Norðurlöndunum.<sup>13</sup>

Þrátt fyrir þetta voru ekki allar gildandi venjureglur samningaréttar færðar í sett lög með gildistöku sml. Í íslenskum rétti teljast meginreglur laga vera ein tegund réttarheimilda<sup>14</sup> og sumar þeirra svo sjálfsgæðar að óþarft er að lögfesta þær sérstaklega,<sup>15</sup> enda má leiða af réttarframkvæmd að meginreglum sé veitt jafnt vægi óháð því hvort þær séu skráðar í settum lögum eða ekki.<sup>16</sup> Á þetta meðal annars við um grundvallarreglur samningaréttar um samningsfrelsi og skuldbindingargildi samninga.<sup>17</sup>

### 2.1.1 Skuldbindingargildi samninga

Reglan um skuldbindingargildi samninga er ævaforin. Í lagasafninu *Corpus juris civilis*, sem skrifað var og gefið út í Rómarveldi árin 529-534 e.Kr., var reglan lögfest með orðunum „samninga skal halda“ (l. *pacta sunt servanda*).<sup>18</sup> Á þessari meginreglu má jafnframt sjá byggt í 14. kapítula Kaupabálks Jónsbókar, þar sem kveðið er á um haldast skuli mál „er bók mælir eigi í móti ok haldast megu at lögum“.<sup>19</sup> Hefur þessi regla meðal annars verið nefnd „hinn raunverulegi kjarni samningaréttarins, sem allar aðrar reglur hans séu byggðar á“.<sup>20</sup>

Líkt og lesa má úr framangreindu ákvæði Jónsbókar er meginreglan ekki svo algild að öll tilboð séu skuldbindandi um leið og undir þau hefur verið ritað. Til dæmis verður krafa almennt ekki sótt samkvæmt samningsákvæði sem þykir andstætt lögum eða velsæmi.<sup>21</sup> Að sama skapi er ekki sjálfgefið að samningsákvæði gildi samkvæmt orðanna hljóðan ef samningsaðilar máttu ætla að önnur merking fælist í því.<sup>22</sup> Þetta er þó háð grandsemi samningsaðila, sbr. til dæmis 34. gr. sml, sem tiltekur að málamyndagerningur verði ekki borinn fram gegn grandlausum þriðja manni. Þá kveður 1. mgr. 36. gr. sml. á um að samningi megi „víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig“.

<sup>13</sup> Alþt. 1935, A-deild, bls. 782-783.

<sup>14</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 230.

<sup>15</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 341.

<sup>16</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 233.

<sup>17</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 342-343.

<sup>18</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 341.

<sup>19</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 24.

<sup>20</sup> Páll Sigurðsson: *Fyrirlestrar um samningarétt*, bls. 9.

<sup>21</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson, *Kröfuréttur I*, bls. 139.

<sup>22</sup> Ása Ólafsdóttir: „Málamyndagerningar“, bls. 11-12.

Í öllum köflum sml., að þeim síðasta undanskildum, eru rakin atriði sem geta haft áhrif á skuldbindingargildi samninga. Þau verða þó ekki talin frekar hér, enda tengjast þau efni ritgerðarinnar aðeins óbeint.

### 2.1.2 Samningsfrelsi

Önnur mikilvæg meginregla, sem einnig mátti finna í *Corpus juris civilis*, er reglan um samningsfrelsi aðila.<sup>23</sup> Samkvæmt henni er mönnum frjálst að ráða hvort þeir semji, við hvern þeir semji og hvers efnis sé samningur sá er þeir kjósa að gangast undir. Virðist sem þessi regla hafi verið í gildi hér frá landnámi.<sup>24</sup>

Líkt öðrum meginreglum eru samningsfrelsinu þó ýmsar skorður settar. Annars vegar geta lög takmarkað samningsfrelsi aðila. Sem dæmi um það má nefna VII. kafla lögræðis laga, nr. 71/1997 (takmörkun á rétti til að ganga til samningsgerðar), 22. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús (takmörkun á rétti til að ráða viðsemjanda) og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur (takmörkun á rétti til að ráða efni samninga). Þá getur löggjafanum verið heimilt að setja lög sem takmarka samningsfrelsið í ennþá afmarkaðari tilvikum, til dæmis í einstaka kjaradeilum, en slík lagasetning yrði þó að uppfylla strangar kröfur.<sup>25</sup> Hins vegar er almennt óheimilt að gera samninga sem eru andstæðir góðu siðferði. Í því samhengi má nefna loforð um að fremja refsiverðan eða ósiðlegan verknað, loforð sem gengi gegn almennum siðgæði að krefjast efnda á og loforð um þóknun fyrir athöfn sem hverjum manni er siðferðilega æskileg eða skyld samkvæmt almennum viðhorfum.<sup>26</sup> Af augljósum ástæðum er mat á þessum atriðum breytilegt frá einum tíma til annars. Rétt er að dómara notist við almennan mælikvarða, þ.e. skoðanir meginþorra almennings, þegar byggja þarf dóm á siðgæðisvitund.<sup>27</sup>

Takmarkanir á frelsi til að semja ágreining undan lögsögu almennra dómstóla geta hvort tveggja verið lögbundnar eða til staðar vegna siðferðissjónarmiða. Sem dæmi um lögbundna takmörkun má nefna 2. mgr. 1. gr. gdl. Í ákvæðinu eru samningsfrelsinu þær takmarkanir settar að aðilar verði að hafa forræði á sakarefninu og að ágreiningur verði að vera rakinn til tiltekinna lögskipta aðila. Dæmi um ólögbundna takmörkun er sú grundvallarregla að afsal persónulegra réttinda sé óheimilt. Í riti sínu *Mannhelgi* tiltekur dr. juris Páll Sigurðsson, prófessor, að rétti til að bera mál undir dómstóla verði aldrei afsalað nema að sérstaklega

<sup>23</sup> Sigurður Línadal: *Um lög og lögræði*, bls. 342-343.

<sup>24</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 25-26.

<sup>25</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 130-133.

<sup>26</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 258-259.

<sup>27</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 258.

afmörkuðu leyti.<sup>28</sup> Í nánnum tengslum við þetta ber að athuga að skorður þær sem samningsfrelsinu eru settar eru yfirleitt til þess fallnar að vernda önnur réttindi og oft til að vernda hagsmuni þess samningsaðila sem veikari telst, sé samningur ekki gerður á jafningjagrundvelli.<sup>29</sup>

Takmarkanir á samningsfrelsinu haldast oft í hendur við skuldbindingargildi samninga, enda er rótgróin regla að samningar, sem teljast andstæðir lögum eða siðferði, séu ógildir og þar af leiðandi ekki skuldbindandi fyrir samningsaðila.<sup>30</sup> Líkt og skilja má skapa ógildir löggerningar hvorki réttaráhrif né teljast grundvöllur efndabóta.<sup>31</sup> Þó er ekki svo farið að allir löggerningar séu ógildir sem ganga gegn boðum laga. Í riti sínu *Samningaréttur* nefndir Páll Sigurðsson í dæmaskyni að kaupsamningur teljist almennt bindandi þrátt fyrir að kaupin fari fram utan þess opnunartíma sem heimilaður er eða seljandi hafi ekki verslunarleyfi. Þessu til rökstuðnings vísar Páll til þágildandi laga um verslunaratvinnu og lokunartíma sölubúða.<sup>32</sup> Í núgildandi lögum má meðal annars benda á sambærileg ákvæði II. kafla laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu og 13. gr. reglugerðar, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 585/2007, sbr. 25. gr. samnefndra laga nr. 85/2007. Hér má enn fremur bæta við að þótt maður hafi greitt skuld, sem af siðferðilegum ástæðum myndi ekki teljast lögvarin, getur hann ekki gert kröfu um endurgreiðslu einungis á þeim forsendum að honum hafi ekki borið skylda til að greiða skuldina. Með öðrum orðum getur samningur sem er andstæður góðu siðferði skapað rétt, hafi aðilar þegar uppfyllt skyldur sínar samkvæmt honum.<sup>33</sup>

## 2.2 Ógilding löggerninga

Sem fyrr segir getur samningur talist ógildur ef hann gengur gegn lögum eða góðu siðferði. Fleiri ástæður geta þó valdið ógildi löggerninga og skipta íslenskir fræðimenn ógildingarástæðum gjarnan í fimm flokka, þ.e. bresti á formskilyrðum, gerhæfisskort eða skort á andlegu heilbrigði, efni löggernings sem gengur gegn lögum eða góðu siðferði, tilurð löggernings sem er með slíkum hætti að hún veldur ógildingunni og að lokum rangar eða brostnar forsendur. Tegundirnar eru þó ekki tæmandi taldar og skil milli þeirra hvergi nærri skörp.<sup>34</sup> Löggerningar sem teljast ógildir vegna of víðtæks afsals persónulegra réttinda, til

<sup>28</sup> Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 35.

<sup>29</sup> Geir Woxholth: *Avtalerett*, bls. 25.

<sup>30</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 257.

<sup>31</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 222.

<sup>32</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 264-265.

<sup>33</sup> Benedikt Bogason: „Endurheimta ofgreidds fjár“, bls. 427.

<sup>34</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 224.

dæmis réttar til að fá skorið úr um ágreining fyrir dómstólum, falla undir þriðja flokkinn af þeim sem voru taldir, þ.e. efni löggernings.

Gera verður greinarmun á þeim ógildingarannmörkum sem dómara er skylt að taka afstöðu til *ex officio* og þeirra sem einungis verða teknir til skoðunar að kröfu aðila. Til hinna fyrrnefndu teljast fyrst og fremst þeir sem ekki má bæta úr með eftirfarandi samþykki.<sup>35</sup>

Þótt ógildir löggerningar hafi ekki þau réttaráhrif sem sammingsaðilar ætluðu geta þeim fylgt annars konar réttaráhrif. Má þar nefna að samningur getur verið ógildur að hluta en ekki í heild sinni, ógilding getur stofnað rétt til að krefjast vangildisbóta og refsing kann að liggja við ýmsum athöfnum sem leiða til ógildingar löggerninga.<sup>36</sup> Þá veitir 1. mgr. 36. gr. sml. dómstólum heimild til að breyta efni sammings, sem þætti ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig, líkt og nefnt var í kafla 2.1.1.

### 3 Rétturinn til að bera einkaréttarlegan ágreining undir dómstóla

1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944,<sup>37</sup> sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er ætlað að tryggja rétt manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Gildir þetta jafnt á sviði einkamála og sakamála.<sup>38</sup> Ákvæðinu er jafnframt ætlað að tryggja rétt til réttlátrar, hraðrar og opinberrar málsmeðferðar, sem ásamt reglunum um jafnræði aðila, munnlega málsmeðferð, milliliðalaus málsmeðferð, frjálst sönnunarmat, sammingsheimild, málsforræði o.fl., teljast til meginreglna einkamálaréttarfars.<sup>39</sup>

Allt frá stofnun Alþingis, ef ekki lengur, hafa menn átt rétt á að fá úrlausn dómstóls á einkaréttarlegum ágreiningi sínum hér á landi. Inntak þessa réttar hefur þó breyst í gegnum tíðina og má þar nefna sem dæmi að ekki var gerður sami greinarmunur á milli einkamála og opinberra mála á þjóðveldisöld og gerður er í dag. Skýrist það meðal annars af því að eiginlegt framkvæmdavald var ekki til staðar og áttu einstaklingar þar af leiðandi sök, sama hvert sakarefnið var. Breyting varð ekki á þessu fyrirkomulagi fyrr en Ísland gekk norska konungsveldinu á hönd.<sup>40</sup>

Snert er á rétti til að semja mál undan úrlausn almennra dómstóla í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995. Í athugasemdum við 8. gr.

<sup>35</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 222-224.

<sup>36</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 227-228.

<sup>37</sup> Framvegis rituð stjkskr.

<sup>38</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnarskipunarréttur*, bls. 218.

<sup>39</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 12-25.

<sup>40</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 4.



frumvarpsins er tekið fram að reglan um aðgang að dómstólum útiloki ekki heimild aðila til að semja ágreining sinn undan lögsögu dómstóla. Þar eru samningar um að leggja mál fyrir gerðardóma síðan sérstaklega teknir sem dæmi.<sup>41</sup> Bersýnilegt er því að stjórnarskrárgjafinn gerði ekki ráð fyrir að rétturinn til að bera mál undir dómstóla væri ekki svo afdráttarlaus að hann gengi framur samningsfrelsinu í öllum tilvikum.

### 3.1 Mannréttindasáttmáli Evrópu

Sambærilegt ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er að finna í 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu,<sup>42</sup> sbr. lög nr. 65/1994 um MSE. Sáttmálinn er jafnframt eini alþjóðlegi mannréttindasamningurinn sem festur hefur verið í lög á Íslandi.<sup>43</sup> Þar sem á Íslandi er byggt á svonefndu tvíeðli lands- og þjóðaréttar var talið að ákvæði MSE gætu ekki haggð ákvæðum íslenskra laga fyrir en eftir að sáttmálinn hafði verið lögfestur.<sup>44</sup> Að sama skapi hafa aðrir sambærilegir þjóðaréttarsamningar ekki sama gildi og sett lög, þrátt fyrir að þeir hafi verið undirritaðir fyrir Íslands hönd. Dómstólum ber þó almennt skylda til að túlka landslög til samræmis við þjóðaréttarlegar skuldbindingar Íslands og teljast ákvæði þjóðaréttarsamninga því ótvírætt lögskýringargögn.<sup>45</sup>

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE útilokar ekki að menn geti samið mál sín undan úrlausn dómstóla og þvert á móti hafa fallið dómur fyrir Mannréttindadómstól Evrópu<sup>46</sup> sem staðfesta að menn geta afsalað sér réttinum til að fá mál lagt fyrir dómstóla. Þess er þó krafist að afsal þurfi að vera ótvírætt og með frjálsum vilja gert.<sup>47</sup>

Samkvæmt 2. gr. laga um MSE, nr. 65/1994, eru úrlausnir MDE ekki bindandi að íslenskum rétti og virðast dómstólar tregir til að vísa beint til fordæma MDE í niðurstöðum sínum. Þrátt fyrir það hafa íslenskir dómstólar yfirleitt fylgt túlkunum MDE við beitingu landsréttar þegar reynt hefur á sambærileg álitaefni fyrir honum.<sup>48</sup> Að þessu virtu, ásamt framangreindri skyldu til að túlka landslög í samræmi við þjóðaréttarlegar skuldbindingar, má ætla að Hæstiréttur geri hið minnsta sambærilegar kröfur og MDE til skýrleika framsals á réttinum til að bera ágreining undir dómstóla.

<sup>41</sup> Alþt. 1994-1995, A-deild, bls. 2097

<sup>42</sup> Framvegis ritaður MSE.

<sup>43</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 86.

<sup>44</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 15.

<sup>45</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 85.

<sup>46</sup> Framvegis ritaður MDE.

<sup>47</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 65-66.

<sup>48</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 90.

### 3.2 Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna<sup>49</sup> var samþykkt á allsherjarþingi S.þ. 10. desember 1948.<sup>50</sup> Í henni er ekki kveðið á um rétt einstaklinga til að leita úrlausnar einkaréttarlegra ágreiningsmála fyrir óhlutdrægum dómstólum á jafn afgerandi hátt og í MSE. Aftur á móti er í yfirlýsingunni kveðið á um rétt til mannhelgi, sbr. 3. gr., rétt þeirra sem sætt hafa meðferð sem brýtur gegn grundvallarréttindum til að leita lögbærra landsdómstóla, sbr. 8. gr. og meginreglur sakamálaréttarfars, sbr. 10. og 11. gr.

Tveir aðrir meginsamningar S.þ. nefnast Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómálagleg réttindi<sup>51</sup> og Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.<sup>52</sup> Gildissvið hins síðarnefnda tekur ekki til lögsagna dómstóla en það gerir þó sá fyrri. Í 14. gr. SBSR er kveðið á um sambærileg réttindi og í þeim ákvæðum MSE sem snúa að rétti til að bera mál undir dómstóla, að því viðbættu að sérstaklega er getið sjónarmiða er snúa að réttindum ófullveðja manna.<sup>53</sup>

### 3.3 Landsréttur

Lög um meðferð einkamála, sem lögfest voru árið 1991 og tóku við af samnefndum lögum nr. 85/1936,<sup>54</sup> kveða á um að aðili dómsmáls geti verið hver sá „einstaklingur, félag eða stofnun, sem getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum“, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna. Í 2. málsl. sömu mgr. er síðan kveðið á um að dómstólar hafi „vald til að dæma mál allra þeirra sem geta verið aðilar nema undantekningar séu gerðar í lögum eða samkvæmt þjóðarétti“. Með öðrum orðum hefur hver sem getur átt rétt eða borið skyldur að landslögum rétt til að höfða mál og fá skorið úr um hin sömu réttindi eða skyldur en þó með þeim fyrirvara að réttur þessi geti verið takmarkaður með lögum. Þegar mál er höfðað ræður stefnandi því hverjir muni eiga aðild að málinu, innan þess ramma sem framangreint ákvæði setur. Ennfremur hefur stefnandi forræði yfir því hvort mál verði rekið yfir höfuð.<sup>55</sup>

Á sviði sakamálaréttar er málsforræði aðila öðruvísi háttað. Samkvæmt 142. gr. sakamálalaga sætir sérhver refsiverð háttsemi ákæru nema annað sé ákveðið í lögum. Meginregla sakamálaréttarfars er síðan að mál verði ekki höfðað fyrir dómi nema að

---

<sup>49</sup> Hér eftir nefndar S.þ.

<sup>50</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 75.

<sup>51</sup> Framvegis ritaður SBSR.

<sup>52</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 77.

<sup>53</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 220

<sup>54</sup> Alþt. 1991-1992, A-deild, bls. 1061.

<sup>55</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 21.

undangenginni ákæru, sbr. 1. mgr. 152. gr. sömu laga.<sup>56</sup> Misjafnt er í sakamálaréttarfarum hvort brotþoli þurfi að krefjast málshöfðunar með því að leggja fram kæru eða hvort lögreglu sé skylt að taka brot til rannsóknar án þess að fram komi krafa af hálfu brotþola, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 144. gr. sakamálalaga.<sup>57</sup> Líkt og fjallað verður um síðar í ritgerðinni getur þessi munur haft áhrif á heimild manna til að semja mál sín undan lögsögu dómstóla.

Auk þess að landslög þurfi að ná til sakarefnis skv. 1. mgr. 16. gr. eml. þurfa réttindi að vera orðin til og efndatími skyldu kominn, sbr. 1. og 2. mgr. 26. gr. eml. Sem dæmi um hið síðarnefnda getur lánadrottinn ekki höfðað mál til heimtu skuldar áður en hún er komin á gjalddaga. Í slíku tilviki bæri dómstólum að sýkna stefnda að svo stöddu.<sup>58</sup> Þá þarf sakarefni að vera skýrt afmarkað, sbr. 80. gr. eml. og stefnandi þarf að hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn sakarefnis. Kröfuna um lögvarða hagsmuni er hvergi að finna berum orðum í lögum en þó er grundvallarregla að dómstólar leysi aðeins úr sakarefni velti slíkir hagsmunir stefnanda á því að fá dóm. Ákvæði 1. mgr. 25. gr. eml. er til að mynda byggt á þessari grundvallarreglu en samkvæmt ákvæðinu verða lögspurningar ekki lagðar fyrir dómstóla og þeir krafðir svara.<sup>59</sup>

Pungamiðju þessarar ritgerðar má líklega finna í ákvæði 1. mgr. 24. gr. eml. Kveður það ákvæði á um vald dómstóla „til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu“. Er hér staðfest að lögsaga dómstóla sé ekki undanþegin meginreglunni um samningsfrelsi aðila. Næsti kafli ritgerðarinnar verður helgaður nánari skoðun á inntaki og þýðingu ákvæðisins.

#### **4 Almenn heimild 1. mgr. 24. gr. eml. til að undanskilja sakarefni lögsögu dómstóla með samningi**

Líkt og áður var nefnt er ekki hægt að takmarka *aðild* að dómsmáli nema með lögum en 1. mgr. 24. gr. eml. heimilar aðilum að undanskilja *sakarefni* lögsögu dómstóla með samningi. Í einfaldaðri mynd er sakarefni krafa um efnisleg málalok og röksemdir sem hún byggir á. Krafa málsaðila, málsgrundvöllur þeirra, málsatvik og málsástæður taka af skarið um hvert sé sakarefnið.<sup>60</sup>

---

<sup>56</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 10.

<sup>57</sup> Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar*, bls. 79.

<sup>58</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 114-115.

<sup>59</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 117.

<sup>60</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 110.

Úr beinu orðalagi ákvæðis 1. mgr. 24. gr. eml. má vart lesa annað en að sammingsfrelsi aðila til að ráða lögsögu dómstóla sé ótakmarkað. Við túlkun ákvæðisins þarf þó að meta heildrænt samhengi þess við aðrar réttarheimildir.<sup>61</sup>

Þegar hefur verið snert á því að til staðar er ákveðin togstreita milli stjórnarskrárvarins réttar manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum annars vegar og meginreglunnar um að mönnum sé frjálst að ráða högum sínum með löggerningum hins vegar. Hér spilar einnig inn í að sammingsfrelsið kann að vera takmarkað enn frekar, bæði með lögum og af siðferðilegum ástæðum. Ljóst er þó að nái lög og landsréttur yfir sakarefni, heimilar ákvæði 1. mgr. 24. gr. eml. samkvæmt orðanna hljóðan að málsaðilar semji það undan úrlausn almennra dómstóla. Frekari takmarkanir ráðast þá af öðrum réttarheimildum.

Á sviði einkamálaréttar standa fleiri úrræði til boða til að leysa úr ágreiningi en einungis að leita til almennra dómstóla. Algengastir samninga, sem undanskilja sakarefni úrlausn dómstóla, eru gerðarsamningar. Auk þeirra þekkist að ákvæði séu í félagssamningum sem kveða á um að ágreiningur félagsmanna verði leystur á skuldbindandi hátt innan félagsins. Einnig er hugsanlegt að menn geti fundið lausn á deilumáli sínu sjálfir og samþykkt hana með þeim skilmála að um leið afsali þeir rétti sínum til að bera sakarefnið undir almenna dómstóla.<sup>62</sup> Í anda við þetta má nefna sérstakt álitaefni um hvort aðilar geti ákveðið að bindandi niðurstaða ráðist af hlutkesti eða einhvers konar keppni þeirra á milli og rétti aðila til að bera mál undir dómstóla sé afsalað á sama tíma.

Þegar sakarefni hefur verið samið undan lögsögu dómstóla mun dómari ekki vísa máli frá án þess að stefndi krefjist þess.<sup>63</sup> Telst það ekki takmörkun á sammingsfrelsinu heldur þvert á móti staðfesting þess. Það er að segja að sammingsaðilar geta ákveðið að leita úrlausnar fyrir héraðsdómi þrátt fyrir að hafa áður samið ágreiningsefni sitt undan lögsögu almennra dómstóla. Helgast þetta sérstaklega af meginreglu einkamálaréttarfars um málsforræði aðila.<sup>64</sup>

Fyrir héraðsdómi getur tæknilega séð reynt með tvennum hætti á sammingsákvæði sem varða undanþágu frá lögsögu almennra dómstóla. Annars vegar þegar mál hefur verið höfðað fyrir héraðsdómi af A en B krefst frávísunar á þeim forsendum að samningur undanskilji sakarefni úrlausn almennra dómstóla. Hins vegar þegar mál hefur verið tekið fyrir (eða því jafnvel lokið) á öðrum vettvangi en A krefst þess engu að síður að almennir dómstólar skeri úr um rétt hans eða skyldu. Sé niðurstaða fengin utan dómstóla, á vettvangi sem ekki skapar aðfararhæfa skyldu, getur A neitað að verða við kröfum B og þannig neytt hann til að bera

<sup>61</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 283.

<sup>62</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 124.

<sup>63</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 123.

<sup>64</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 20-21.

ágreiningsefnið undir almenna dómstóla. Hér snertir þó á hinu „tæknilega“ sem nefnt var í upphafi þessarar efnisgreinar því að í slíkri stöðu er ekki auðsýnt að dómstóll myndi taka fyrir kröfu B um að A beri skylda samkvæmt samningi að komast að samkomulagi við B án þess að bera ágreininginn undir dómstóla, enda var það B sem leitaði á náðir dómstóla. Að höfundi vitandi hefur slíkt mál ekki verið borið undir dómstóla á Íslandi.

Á hið fyrrnefnda hefur þó reynt í *Hrd. 1940, bls. 352*. Þar hafði hin svonefnda „Lögbók Góðtemplara“ áskilið að meiðyrðamál milli félagsmanna, líkt og það sem á reyndi, skyldi leyst fyrir dómstóli reglunnar. Hæstiréttur hafnaði þessari kröfu og rökstuðningi varnaraðila og taldi félagsmenn ekki geta afsalað sér í jafn viðamiklum mæli rétti sínum til að bera mannorðsárásir undir almenna dómstóla. Hér er um að ræða eitt skýrasta dæmi Hæstaréttar um mörk heimilda til að semja mál undan úrlausn almennra dómstóla og verður nánar fjallað um þennan dóm í kafla 5.1.

#### 4.1 Vísun til gerðardóma

Gerðardómar geta verið annað tveggja lögbundnir eða samkvæmt samningi aðila. Dæmi um hið fyrrnefnda má finna í 7. gr. laga nr. 87/2003 um Orkustofnun. Ákvæðið kveður á um að ágreiningur sem rís um endurgreiðslu ríkisfjár, sem notað var til rannsókna og áætlunargerðar í undirbúningi orkuframkvæmdar, skuli lagður í gerð þriggja manna að kröfu annars aðila eða beggja. Ákvæði sem þetta, sem bæði kveður á um skyldu til að bera mál undir gerðardóm og ræður að hluta formi dómsins, takmarkar með augljósum hætti sammingsfrelsi aðila. Þar sem umfjöllunarefni ritgerðarinnar er takmarkanir á frelsi til að semja mál undan úrlausn almennra dómstóla verður ekki fjallað frekar um framangreindar takmarkanir á sammingsfrelsinu. Um hið síðarnefnda, gerð samkvæmt samningi aðila, gilda lög um sammingsbundna gerðardóma, sem tóku gildi 1. janúar 1990.

Löngum hafa menn borið ágreininga sína undir gerðardóma og eiga þeir sér eldri sögu en almennir dómstólar.<sup>65</sup> Áður en gdl. tóku gildi mátti finna einu settu lögin um gerðardóma í 1. gr. 6. kap. 1. bókar norsku laga Kristjáns V. Samkvæmt ákvæðinu var málsaðilum heimilt að fela dánuröndum að ráða ágreining til lykta og var sú niðurstaða endanlega bindandi fyrir aðila.<sup>66</sup>

Gerðarmeðferð getur haft ýmsa kosti fyrir aðila. Sem dæmi er hún að jafnaði fljótvirkari en málsmeðferð fyrir almennum dómstólum, leynd er meiri þar sem málsmeðferð er ekki opinber og aðilar hafa meiri íhlutun þegar ráðið er hverjir sitja dóminn. Þá geta aðilar að auki

<sup>65</sup> Steinunn Margrét Lárusdóttir: „Um ógildingu sammingsbundinna gerðardóma“, bls. 84.

<sup>66</sup> Valtýr Sigurðsson: „Um sammingsbundna gerðardóma“, bls. 28.

ráðið því hvar málsmeðferð fer fram og á hvaða tungumáli, hvaða réttarfarsreglum skal fylgt og á hvaða lögum skal byggja efnislega úrlausn. Hagkvæmni þess að semja um gerðarmeðferð er því frekar skýr, sérstaklega á sviði alþjóðlegra viðskipta.<sup>67</sup> Gerðarmeðferð hefur þó einnig sína ókosti. Til dæmis telst hún almennt veita mönnum lakari réttarvernd en meðferð fyrir almennum dómstólum. Til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum takmarka gdl. að nokkru leyti samningsfrelsi manna.<sup>68</sup>

Þegar samningsaðilar kjósa að vísa ágreiningi sínum til gerðardóms þurfa þrjú skilyrði að vera uppfyllt samkvæmt 2. mgr. 1. gr. gdl. Þessi skilyrði eru í fyrsta lagi að um réttarágreining sé að ræða, í öðru lagi að aðilar hafi forræði á sakarefninu og í þriðja lagi að ágreiningur sé þegar uppi eða komi síðar upp í *tilteknum* lögskiptum aðila.<sup>69</sup>

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þess er varð að gdl. er réttarágreiningur skilgreindur sem „ágreining[ur] sem varðar réttarreglur sem dómstólar hafa vald til að dæma um“.<sup>70</sup> Tekur þetta til þeirra deilna manna, um hagsmuni sína eða skyldur, sem þeir eiga almennt rétt á að bera undir dómstóla.

Mörk forræðis aðila yfir ágreiningsmálum sínum liggja ekki alltaf í augum uppi<sup>71</sup> og ljóst er að ákvörðun þeirra veltur á löggjöf hvers tíma.<sup>72</sup> Mál sem varða lögmati tiltekinn samkeppnishamla milli einkaaðila<sup>73</sup> og rétt einstaklings til að kjósa í Alþingiskosningum,<sup>74</sup> má í dag telja bersýnilega undanskilin forræði aðila, svo dæmi séu nefnd. Þau sakarefni, sem aðilar teljast ekki hafa forræði á, eiga það flest sameignilegt að vernda tiltekna opinbera hagsmuni.<sup>75</sup> Þannig falla allar refsikröfufur í sakamálum skýrlega utan forræðis málsaðila.<sup>76</sup>

Líkt og lesa má úr ákvæðinu má flokka gerðardómssamninga í tvennt. Annars vegar þá sem gerðir eru um ágreining sem þegar er uppi og hins vegar þá sem gerðir eru um mögulega framtíðarágreininga í nánar tilteknum lögskiptum aðila.<sup>77</sup> Afar fá álitamál geta risið varðandi það hvort ágreiningur sé þegar kominn fram. Hitt er frekar deiluefni, hvenær ókomnir ágreiningar eru nægilega afmarkaðir í gerðarsamningi. Krafan 2. mgr. 1. gr. gdl., um tiltekin lögskipti, felur í sér skýra takmörkun á samningsfrelsi einstaklinga. Þannig yrðu samningsákvæði um að gerðardómur leysi úr öllum ágreiningi sem upp getur komið milli

<sup>67</sup> Sveinn Snorrason: „Hugleiðing um gerðardóma“, bls. 225-226.

<sup>68</sup> Alþt. 1988-1989, A-deild, bls. 2468.

<sup>69</sup> Valtýr Sigurðsson: „Um samningsbundna gerðardóma“, bls. 31.

<sup>70</sup> Alþt. 1988-1989, A-deild, bls. 2470

<sup>71</sup> Valtýr Sigurðsson: „Um samningsbundna gerðardóma“, bls. 31.

<sup>72</sup> Alþt. 1988-1989, A-deild, bls. 2471.

<sup>73</sup> Stefán Már Stefánsson: „Um samningsbundna gerðardóma“, bls. 42.

<sup>74</sup> Alþt. 1988-1989, A-deild, bls. 2471.

<sup>75</sup> Stefán Már Stefánsson: „Um samningsbundna gerðardóma“, bls. 42.

<sup>76</sup> Valtýr Sigurðsson: „Um samningsbundna gerðardóma“, bls. 31.

<sup>77</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 124.

aðila, óháð tilefni, talin óskuldbindandi.<sup>78</sup> Dæmi um tiltekin lögskipti í skilningi gdl. eru samningar um kaup á ákveðinni vöru eða þjónustu og verktakasamningar um nánar tilgreind verk. Í viðvarandi samningssambandi má gera ráð fyrir að litið yrði til þess hvort aðilar hafi með réttu mátt sjá fyrir að viðkomandi ágreiningur kæmi upp og aðstöðumunur aðila við samningsgerð jafnframt skoðaður.<sup>79</sup>

Þegar mikilvægar meginreglur skarast, líkt og í 2. mgr. 1. gr. gdl., er ávallt matskennt hvar mörk skuli dregin. Meta þarf hvort sakarefni sé þess eðlis að málsaðilar eigi forræði yfir því, án þess að skýrar leiðbeiningar séu um það í lögum, og ákvarða þarf hvort ákvæði samnings taki til nægilega tiltekinna lögskipta. Ýmis sjónarmið eru reifuð hér fyrir ofan en fleiri koma þó til skoðunar, þá helst stefnumörkun, markmið og grundvallarsjónarmið sem ríkja á þessu réttarsviði.<sup>80</sup>

Á gerðardómsákvæði hefur nokkrum sinnum reynt fyrir Hæstarétti. Má nefna sem dæmi *Hrd. 10. desember 2002 (530/2002)*, þar sem rekstraraðili veitingarstaðar krafðist þess að frávísunarúrskurður héraðsdóms yrði felldur úr gildi og héraðsdómi gert að taka fyrir mál hans gegn bandarískri keðju sem hann átti í viðskiptum við. Í samningi milli aðila var mælt fyrir um að ágreiningur í sérstaklega tilgreindum viðskiptum þeirra á milli skyldi leystur fyrir alþjóðlegum gerðardómi í London. Í niðurstöðu sinni leit héraðsdómur meðal annars til þess hvort ákvæði samnings teldist ósanngjarnt og hvort svikum hafi verið beitt við gerð samningsins. Hvorugt taldist sannað og var máli því vísað frá dómi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. eml. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til sama ákvæðis og þess að sóknaraðili hafði ekki sýnt fram á með haldbærum rökum að samningsákvæðið skyldi teljast óskuldbindandi.

#### 4.2 Úrlausn utan dómstóla

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 105. gr. eml. verður dómsmál felld niður ef stefnandi krefst þess. Af meginreglunni um samningsfrelsi aðila og málsforræði í einkamálum má leiða að málsaðilar geti hvenær sem er undir rekstri máls samið um að stefnandi geri þessa kröfu. Athuga ber þó að niðurfelling sem þessi kemur ekki ein og sér í veg fyrir að stefnandi höfði nýtt mál um sakarefnið. Stefndi hefur einnig rétt til þess að samþykkja kröfur stefnanda í einu og öllu og skal þá dómur lagður í málið í samræmi við samþykki stefnda, sbr. 1. mgr. 98. gr. eml. Hvorug þessara heimilda snýr með beinum hætti að frelsi til að semja um að mál verði ekki

<sup>78</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 124.

<sup>79</sup> Valtýr Sigurðsson: „Um samningsbundna gerðardóma“, bls 31-32.

<sup>80</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 275.

leyst utan almennra dómstóla en þær geta þó verið liður í að málsaðilar ljúki ferli máls fyrir dómstólum, með það fyrir augum að leysa ágreining sinn utan þeirra. Sá stóri ókostur fylgir síðari leiðinni að aðfararhæfur dómur fellur í málinu sem mun líklega vera stefnanda í vil.

XV. kafli eml. fjallar um sáttir eftir að einkamál hefur verið höfðað fyrir dómstólum. Að ósk aðila getur dómari vísað sáttaumleitun til sýslumanns. Fyrir sýslumanni geta síðan skapast aðfararhæfar skyldur eftir að sátt hefur tekist. Þær takmarkanir eru þó á rétti málsaðila til að leita sátta hjá sýslumanni að dómara er alls ekki skylt að vísa sáttaumleitun þangað ef hann telur það ekki vænlegt til árangurs eða geta leitt til óþarfa tafa, sbr. 1. mgr. 107. gr. eml. Önnur takmörkun á samningsfrelsinu, af sama meiði, er að dómsmál má höfða til að fá sátt hjá sýslumanni ógilta að hluta eða í heild eða til að véfengja gildi niðurstöðu, samkvæmt 4. mgr., sbr. 1. og 2. mgr. 110. gr. eml.

Vilji menn leysa ágreining sinn án nokkurrar íhlutunar dómstóla eða hins opinbera er þeim það vitaskuld heimilt. Yrði sá samningur bindandi svo framarlega sem almennar ógildingarástæður samningaréttar ættu ekki við um hann. Hvort heimilt sé að bæta við afsali á rétti til að bera ágreining um réttarsambandið undir dómstóla er síðan álitafni út af fyrir sig.<sup>81</sup> Í *Hrd.* 1974, bls. 860 var máli vísað frá dómi *ex officio* þar sem ákvæði í samningi milli málsaðila áskildi að aðilar frestuðu öllum málaferlum sínum á milli og felldu þau niður er samningur hafði verið efndur. Samningssambandi aðila var ekki lokið þegar dómur féll og verður því ekki fullyrt hvort ákvæðið myndi skuldbinda aðila eftir að samningur teldist efndur, samanber orðalag í niðurstöðu bærjarþings, sem staðfest var af Hæstarétti:

Samningurinn er af báðum aðiljum talinn í gildi, en hefur ekki verið gerður upp. Meðan svo stendur, þykir dómur ekki verða lagður á kröfu stefnanda, og ber í samræmi við 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 að vísa máli þessu frá dómi.

Annað álitamál, sem vert getur verið að bera upp, er hvort það myndi hafa áhrif á skuldbindingargildi ákvæðis um að undanskilja sakarefni úrlausn dómstóla ef það snerist um að aðilar leystu úr ágreiningi sínum með óhefðbundnum hætti. Hér má taka sem dæmi samning um að ágreiningur verði leystur með sjómannskappleik og málsaðilar afsali sér um leið rétti til að bera ágreininginn undir dómstóla. Yrði ákvæði slíks samnings túlkað með öðrum hætti en sambærilegt ákvæði og getið var í framangreindum Hæstaréttardómi? Ef svo er ekki, hvað með vettvang þar sem niðurstaða er ekki undirorpin hæfni heldur heppni? Játa verður mönnum ríkan rétt til að ráða með samningum málum sem eru á þeirra forræði. Þó er ekki ljóst, að gefnum þeim forsendum sem þegar hafa verið reifaðar í ritgerðinni, hvort

---

<sup>81</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 124.



Hæstréttur teldi í öllum tilvikum slíkan löggerning skuldbindandi. Að vitund höfundar er ekki til fordæmi fyrir slíku máli í íslenskum rétti og verður frekari umfjöllun því ekki tileinkuð þessu álitafni.

## 5 Mörk réttinda til að semja mál undan úrlausn almennra dómstóla

Allir samningar um undanþágu frá lögsögu dómstóla eru háðir því að samningsaðilar hafi forræði yfir sakarefni sínu. Sé forræði ekki til staðar er heimildin til að undaskilja sakarefnið úrlausn dómstóla ekki heldur til staðar, sbr. 1. mgr 24. gr. eml. Á þetta við þrátt fyrir að aðilar geti átt mikilvægra einkahagsmuna að gæta við meðferð málsins (til dæmis vegna staðsetningar þinghalda eða vandamála sem fylgt geta opinberri málsmeðferð). Aðilar teljast ekki eiga forræði yfir sakarefni þegar úrlausn máls tekur til opinberra hagsmuna eða viðamikilla hagsmuna þriðja manns.

Í ritinu *Einkamálaréttarfar* fjallar Markús Sigurbjörnsson um muninn á „dispósítífum“ og „indispósítífum“ málum. Hin fyrrnefndu eru mál sem aðilar hafa frelsi til að ráða með samningum. Síðarnefndu málin varða hagsmuni sem málsaðilar njóta ekki forræðis á. Undir þau falla öll sakamál en einnig einkamál líkt og hjúskaparmál, faðernismál og lögræðissviptingamál.<sup>82</sup> Er þessi flokkun efnislega samhljóða umfjöllun í kafla 4.1 um forræðisskilyrði 2. mgr. 1. gr. gdl.

Gerðardómslöggin tiltaka á nokkuð skýran hátt þau sjónarmið sem skipta máli við mat á heimild til að semja mál undan úrlausn almennra dómstóla en auk forræðis er þess krafist að samningur hafi verið gerður um tiltekinn ágreining. Miðað við fordæmi réttarins í *Hrd. 1940, bls. 352*, má álykta að gerðar séu sambærilegar kröfur til afmörkunar þess efnis sem samið er undan lögsögu dómstóla í málum sem falla innan gildissviðs gdl. og utan þess. Hvað teljist nægilega skýr afmörkun er þó hvergi nærri ljóst.<sup>83</sup>

Í kafla 3.3 var þess getið að munur gæti verið á heimild manna til að semja mál á sviði sakamálaréttar undan lögsögu dómstóla eftir því hvort lög áskilji að brotþoli krefjist málshöfðunar eða ekki. Í ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940,<sup>84</sup> er tekið fram að sá einn geti höfðað mál er misgert var við. Dæmi um slík ákvæði eru 3. mgr. 250. gr., 4. mgr. 257. gr. og 4. mgr. 259. gr., sbr. 1. mgr. 25. gr. alm. hgl. Felur þetta í sér að sjái brotþoli ekki ástæðu til að taka mál fyrir dóm hefur hann frelsi til að krefjast ekki aðkomu hins opinbera. Brotþoli og sakborningur geta þannig gert samkomulag sín á milli um að

<sup>82</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 25.

<sup>83</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 124.

<sup>84</sup> Framvegis rituð alm. hgl.

sættast eða jafnvel ljúka máli á öðrum vettvangi en fyrir almennum dómstólum. Ólíklegt verður þó að teljast að slíkt samkomulag teldist gilt fyrir dómstólum ef brotþoli ákveður síðar að leggja fram kæru. Það er að segja, sakborningur getur sennilega ekki krafist frávísunar á grundvelli samkomulags við brotþola, sem gert var eftir að brot hafði verið framið. Möguleiki á samkomulagi af þessu tagi er þó til staðar, gagnstætt því sem gildir um brot sem sæta skilyrðislaust ákæru stjórnvalda.

Þótt menn hafi fengið úrlausn ágreinings síns fyrir gerðardómi er ekki sjálfgefið að málinu sé þar með lokið. Samkvæmt 12. gr. gdl. er heimilt að krefjast ógildingar niðurstöðu gerðardóms, í heild eða hluta, að nánari skilyrðum uppfylltum. Er hér um undantekningarreglu að ræða, enda kemur fram í sérstökum athugasemdum við greinina í frumvarpi því er varð að gdl. að aðalreglan sé sú að í gerðardómi felist endanleg niðurstaða máls og að honum verði ekki hnekkt. Lagarökin eru fyrst og fremst þau að mjög myndi draga úr gildi gerðardóma ef ógilding væri heimiluð í víðtækum mæli.<sup>85</sup> Spurningin í þessu samhengi er þó hvort rétt sé að líta á endurskoðunarvald dómstóla á niðurstöðum gerðardóms (eða annarra dómstóla eftir atvikum) sem takmörkun á samningsfrelsi aðila. Þegar lög áskilja að hægt sé að leita til dómstóla þrátt fyrir samkomulag aðila, og þrátt fyrir lögmeta niðurstöðu á öðrum vettvangi, er óumdeilanlega verið að takmarka frelsi einstaklinga til að semja um endanlega og bindandi niðurstöðu án aðkomu almennra dómstóla.

Mörk réttinda til að semja mál undan úrlausn almennra dómstóla ráðast að stórum hlut af skörun mannréttindaákvæðis 1. mgr. 70. gr. stjkskr., sem tryggir mönnum aðgang að dómstólum, og hinna óskráðu meginreglna að menn hafi frelsi til samningsgerða og að samningar skuli standa. Almennt verður að telja hlutverk löggjafans að setja skýrar og fyrirsjáanlegar reglur á þessu réttarsviði, sem og öðrum.<sup>86</sup> Þegar mörkin eru ekki skýr getur dómari þurft að meta hvaða niðurstaða teljist réttlát og eðlileg að öllum þáttum virtum.<sup>87</sup> Dómari þarf þó að framkvæma þetta mat innan ramma réttarheimildanna, enda er hann ávallt bundinn af þeim.<sup>88</sup>

Vegna matskenndra lagaákvæða er vart hægt að fullyrða um mörk réttarins til að semja mál undan lögsögu almennra dómstóla, nema að því leyti sem á hefur reynt fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Í næsta kafla verður gerð tilraun til að varpa ljósi þau sjónarmið sem litið er til fyrir íslenskum dómstólum þegar leyst er úr ágreining um slíka löggerninga.

---

<sup>85</sup> Alþt. 1988-1989, A-deild, bls. 2474.

<sup>86</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 52.

<sup>87</sup> Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 169.

<sup>88</sup> Torstein Eckhoff og Jan E. Helgesen: *Rettskildelære*, bls. 367.

## 5.1 Dómafordæmi

Einn skýrasti dómur Hæstaréttar um takmarkanir á réttinum til að ráða ágreining undan lögsögu almennra dómstóla er hinn fyrrnefndi *Hrd. 1940, bls. 352*. Líkt og áður var getið taldi Hæstiréttur meðlim Góðtemplarastúkunnar ekki getað afsalað sér með almennum hætti, svo bindandi væri, rétti til þess að leita úrlausnar almennra dómsmála um árásir á mannorð sitt. Með öðrum orðum voru talin vera til staðar lögskipti sem vörðuðu persónuleg réttindi, sem einstaklingur hafði ekki heimild til að semja varanlega undan lögsögu almennra dómstóla.

Takmarkanir á fordæmisgildi dómsins felast í fyrsta lagi í því að sóknaraðilar byggðu málflutning sinn á venju og ákvæðum „Lögbókar Góðtemplara“. Þótt ekki hafi verið véfengt að lögbók félagsins gæti að jafnaði skuldbundið félagsmenn er ekki sjálfgefið að hið sama gildi um öll félagasamtök. Má gera ráð fyrir að það velti bæði á eðli félagsstarfs og orðalagi reglna félaga. Í öðru lagi skýrði Hæstiréttur að takmörkuðu leyti þau mörk sem hann setur fyrir tíma eða umfangi samnings. Vísast til orðalags í dóminum, þar sem sagði: „þá verður eigi talið, að félagar í stúkunum geti, svo bindandi sé, afsalað sér almennt rétti sínum til þess að leita úrlausnar almennra dómsmála um árásir á mannorð sitt.“ Í lokum þessarar tilvitnuðu línu kemur einnig fram inntak þriðja punktsins. Í niðurstöðu sinni gat Hæstiréttur þess eingöngu að takmarkanirnar, er hann kvað á um, ættu við um mannorðsárásir. Verður að meta fordæmisgildi dómsins með þessi atriði í huga.

Þremur árum áður en dómurinn varðandi Góðtemplarastúkuna féll felldi Hæstiréttur dóm í máli tveggja útgerðarmanna, *Hrd.1937, bls. 651*.

Málsatvik voru þau að skip stefnda varð vélarvana úti við Drangey. Stefndandi svaraði neyðarkalli stefnda og dró skip hans til hafnar. Deildu aðilar um upphæð björgunarlaunanna. Stefndandi taldi sig hafa orðið fyrir aflatjóni og gerði kröfu á upphæð sem tók mið af því en stefndi taldi að þar sem báðir höfðu skip sín váttryggð hjá Vélbátasamtryggingu Eyjafjarðar (VE) hefði stefnanda borið að annast aðstoðina ókeypis. Stefndi viðurkenndi þó að stefndandi ætti rétt á allt að 20 krónur fyrir hverja klukkustund, samkvæmt 4. gr. reglugerðar VE, eða 140 krónum í það heila. Í niðurstöðu undirréttar var upphæð samkvæmt reglugerðinni aðeins talin hámarksupphæð án dóms eða heimildar aðalfundar félagsins, enda var það upphæðin sem trygging skipanna náði til. Voru stefnanda dæmdar 1.000 krónur fyrir björgunina. Hæstiréttur sneri þessari niðurstöðu við með vísan til þess að í lögum VE var mælt fyrir um að stjórn félagsins skyldi úrskurða um sanngjarna þóknun fyrir björgun og að þeim úrskurði mætti skjóta til gerðardómstóls, sem legði fullnaðarúskurð á málefnið. Hæstiréttur taldi stefnanda hafa borið að leita úrskurðar félagsstjórnar um þóknunina sem hann krafðist.

Í lögum VE var jafnframt tekið fram að ekkert þrætumál, sem fyrir kæmi í félaginu, mætti bera undir opinbera dómstóla. Álykta má að Hæstiréttur hafi talið skuldbindingargildi þessa ákvæðis takmarkað þar eð í úrskurðarorðum sagði: „[...] þá brestur dómstólana að svo vöxnu

máli heimild til þess að leggja dóm á kröfu hans.“ Með öðrum orðum útilokaði dómstóllinn ekki aðkomu sína á síðari stigum.

Á svipaðan ágreining reyndi í *Hrd. 1974, bls. 860*, sem var reifaður lauslega í kafla 4.2. Þar kom fram í samningi aðila að þeir samþykktu að „fresta öllum málaferlum sín í milli og fella þau niður, strax og samkomulag þetta [hefði] verið uppfyllt, og [greiddi] hvor aðili sinn kostnað af þeim. [Ætti] þá hvorugur neinar frekari kröfur á hendur hinum.“ Í niðurstöðu bæjarþings Reykjavíkur, sem áfrýjað var til Hæstaréttar, sagði að samningurinn væri talinn í gildi af báðum aðilum en hefði ekki enn verið gerður upp. Meðan svo stæði þótti dómur ekki vera lagður á kröfu stefnanda og málinu var vísað frá *ex officio*. Athuga ber að miðað við orðalagið „[m]eðan svo stendur“ verður að telja niðurstöðu bæjarþings takmarkast við það að samningur sé í gildi og hafi ekki verið gerður upp. Hæstiréttur vísaði til sama ákvæðis samningsins og staðfesti niðurstöðu bæjarþings en tók þó ekki afstöðu til skuldbindingargildis þess hluta ákvæðisins sem áskildi að öll málaferli yrðu felld niður strax og samkomulag hefði verið uppfyllt, samanber orðalag Hæstaréttar: „[...] skuldbundu þeir sig til að fresta öllum málaferlum sín í milli og fella þau niður, er samningurinn hefði verið efndur. Þar sem sóknaraðili er af þessu bundinn, ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.“

Tveir dómur hafa fallið frá aldamótum þar sem reynt hefur á skuldbindingargildi gerðardómsákvæða í viðskiptasamningum.

*Hrd. 10. desember 2002 (530/2002)*: Fjallað var lítillega um þennan dóm fyrr í ritgerðinni í kafla 4.1. Málsatvik voru þau að íslenskir veitingamenn gerðu sérleyfissamning við bandarísku pizzakeðjuna Papa John's Pizza. Mikið tap var á rekstrinum og tæpum tveimur árum eftir að skrifað hafði verið undir samninginn riftu íslensku rekstraraðilarnir honum með símbréfi. Í kjölfarið stefndu þeir bandarísku keðjunni til greiðslu bóta fyrir vanefndir á samningnum. Papa John's Pizza krafðist aðallega frávísunar á þeim grundvelli að í samningi aðila hafi verið ákvæði þess efnis að alþjóðlegur gerðardómur, London Court of International Arbitration, ætti úrskurðarvald um kröfur, sem leiddar væru af samningnum eða samningssambandi aðilanna. Á báðum dómstigum taldist gerðardómsákvæði samningsins taka til sakarefnisins og vera bindandi fyrir málsaðila. Málinu var því vísað frá dómi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. eml.

*Hrd. 15. mars 2012 (149/2012)*: Þrotabú Milestone ehf. stefndi erlendum ríkisborgara, sem búsettur var erlendis, til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi sem hann hafði gefið út. Skuldin var tilkomin vegna viðskipta málsaðila með hluti í lyfjakeðjunni Zegin. Samkvæmt skuldabréfinu var heimilt að bera ágreiningi undir gerðardóm og var þar vísað til nánara ákvæðis í viðskiptasamningi aðila. Gerðardómsákvæði viðskiptasamningsins kvað síðan á um að allan ágreining, sem rísa kynni af samningnum eða vegna hans, skyldi leysa fyrir gerðardómi austurríska verslunarráðsins í Vín. Stefnandi rökstuddi kröfu sína með því að þótt afdráttarlaust gerðardómsákvæði væri í viðskiptasamningnum fæli orðalagi skuldabréfsins einungis í sér heimild til að beita því. Stefndi hélt því fram að útgáfa skuldabréfsins hafi verið málamyndagerningur og samningsaðilar því skuldbundnir til að leysa ágreining sinn fyrir gerðardómi í Vín, líkt og áskilið var í viðskiptasamningnum. Í niðurstöðu héraðsdómur var ákvæði skuldabréfsins ekki talið leiða sjálfkrafa til þess að íslenskir dómstólar hefðu lögsögu í málinu og jafnframt að hvergi væri kveðið á um íslenska lögsögu í bréfinu eða varnarþing stefnda á Íslandi. Í niðurstöðu Hæstaréttar var litið til orðalags skuldabréfsins um að ágreiningi

*mætti vísa til gerðardóms samkvæmt viðskiptasamningnum. Þar sem um var að ræða heimildarákvæði taldi Hæstiréttur stefnanda hafa rétt á að höfða mál í efndastaðarþingi skuldabréfsins. Hinn kærði úrskurður var felldur úr gildi og héraðsdómi gert að taka málið til efnismeðferðar.*

Þegar *Hrd. 10. desember 2002 (530/2002)* og *Hrd. 15. mars 2012 (149/2012)* eru skoðaðir má ljóst telja að munurinn á niðurstöðum þeirra ræðst fyrst og fremst af inntaki gerðardómsákvæða hvors fyrir sig. Í þeim fyrrnefnda höfðu báðir aðilar undirritað samning með skýru gerðardómsákvæði. Í þeim síðari var í skuldabréfi heimild til að beita ákvæði eldri sammings milli málsaðila, sem kvað á um að ágreining skyldi bera undir gerðardóm. Hin umrædda skuld var tilkomin vegna viðskipta sem eldri samningurinn tók til og meðal annars var deilt um hvort orðalag skuldabréfsins gæti skuldbundið aðila og hvort það gæti gengið framur ákvæðum eldri sammingsins. Í báðum dómum voru málsaðilar taldir jafnir og hafa jöfn tækifæri til að kynna sér efni samninga sinna. Ekki verður talið að um misvísandi fordæmi sé að ræða.

## **6 Niðurstaða**

Umfjöllun þessarar ritgerðar hefur vonandi varpað einhverju ljósi á takmarkanir sammingsfrelsisins þegar kemur að réttinum til að semja sakarefni undan lögsögu almennra dómstóla. Í þeim tilvikum þar sem gildandi réttur eða fordæmi Hæstaréttar veittu ekki skýr svör var leitast við að svara spurningum með því að afmarka hvar vafi lægi og reifa skoðanir fræðimanna á sambærilegum málum.

Ef markmiðið er að greina með tæmandi hætti inntak og mörk sammingsfrelsisins á þessu sviði mun það reynast erfitt. Þó er hægt að leiða eftirfarandi staðhæfingu af gildandi reglum og réttarframkvæmd: Aðili, sem hefur forræði yfir sakarefni, getur samið við gagnaðila sinn um að tiltekin og afmörkuð mál, lokin eða ólokin, verði leyst utan almennra dómstóla. Sá fyrirvari er á þessu gerður að slíkum ákvæðum verður ekki beitt fyrir dómstólum nema málsaðili beri þau fyrir sig.

Í raun kallast þessar takmarkanir á sammingsfrelsinu á við þær takmarkanir sem lengi hafa verið viðurkenndar að íslenskum samningarétti. Að sögn Páls Sigurðssonar er elsta þekkta ritgerð Íslendinga á sviði samningaréttar nefnd „Nokkrar almennar athugasemdir um hin helztu atriði fyrir lögmæti samninga og annara skjala“, eftir Bjarna Magnússon, sýslumann í Vestmannaeyjum. Birtist hún í 3. bindi Tímarits Jóns Pjeturssonar, árið 1871. Um sammingsfrelsið hafði Bjarni eftirfarandi að segja:

Eins og lögin ekki almennt hafa bundið samninga við vissar formur, þannig er það hlutaðeigendum heimilt að koma sér saman um þá skilmála í samningum, sem báðum málspörtum þykir bezt henta, einungis mega þeir, eins og áður er getið, ekki koma sér saman um eða áskilja sér það, er gagnstætt er lögum, opinberri siðsemi eða almennings gagni.<sup>89</sup>

Eru lokaorð textans til áminningar um stöðugleika samningaréttar á Íslandi. Samningarétturinn er undirorpinn þróun, en sú þróun er hæg og byggjast nýmæli oftar en ekki á fornum grundvallarreglum. Aðlögun að tæknibreytingum og smávægilegar áherslubreytingar í beitingu matskenndra ákvæða virðast vera helstu breytingarnar sem samningalögin okkar taka. Líklega er engin tilviljun að heildarendurskoðun á samningalögunum hefur ekki farið fram síðan 1936 (og þá voru felld úr gildi lagaákvæði frá 1687).

Takmarkanir á samningsfrelsinu lúta sömu lögmálum og aðrar takmarkanir á fornum meginreglum. Með takmörkununum er þó verið að tryggja vernd annarra réttinda, sem varða bæði opinbera hagsmuni og hagsmuni einstaklinga.

Ef samningsfrelsið segir eitt  
en sýnist annað stjórnarskrá,  
er útilokað að breytu breytt  
að bæði verði ofan á.

---

<sup>89</sup> Bjarni Magnússon: „Nokkrar almennar athugasemdir um hin helztu atriði fyrir lögmæti samninga og annara skjala“, bls. 13.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

Ása Ólafsdóttir: „Málamyndagerningar“. *Rannsóknir í Félagsvísindum IX. Lagadeild.* Ritstj. Trausti Fannar Valsson. Reykjavík 2008, bls. 11-29.

Benedikt Bogason: „Endurheimta ofgreidds fjár“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 2012, bls. 407-443

Bjarni Magnússon: „Nokkrar almennar athugasemdir um hin helztu atriði fyrir lögmæti samninga og annara skjala“. *Tímarit gefið út af Jóni Pjeturssyni. 3. bindi.* Reykjavík 1871, bls. 1-27.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi.* Reykjavík 2008.

Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfar.* 2. útgáfa. Ritið er birt í *Sakamálaréttarfar. Ritsafn.* Reykjavík 2010.

Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi. Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.* Reykjavík 1999.

Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir.* Reykjavík 2012.

Geir Woxholth: *Avtalerett.* Oslo 2003.

*Lögfræðiorðabók með skýringum.* Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar.* 2. útgáfa. Reykjavík 2003.

Páll Sigurðsson: *Fyrirlestrar um samningarétt. Almenna hlutann I.* Reykjavík 1977.

Páll Sigurðsson: *Mannhelgi. Höfuðþættir almennrar persónuverndar.* Reykjavík 2010.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar.* Reykjavík 1987.

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða.* Reykjavík 2007.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga - réttarheimildir.* 2. útgáfa. Reykjavík 2007.

Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar. Fimm ritgerðir í almennri lögfræði og réttarheimspeki.* Reykjavík 2003.

Stefán Már Stefánsson: „Um sanningsbundna gerðardóma“. *Tímarit lögfræðinga*, 1. hefti 1990, bls. 38-50.

Steinunn Margrét Lárusdóttir: „Um ógildingu samningsbundinna gerðardóma“. *Útljótur*, 2. tbl. 1976, bls. 82-115.

Sveinn Snorrason: „Hugleiðing um gerðardóma“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 1987, bls. 225-226.

Torstein Eckhoff og Jan E. Helgesen: *Rettskildelære*. 5. útgáfa. Osló 2001.

Valtýr Sigurðsson: „Um samningsbundna gerðardóma“. *Tímarit lögfræðinga*, 1. hefti 1990, bls. 28-37.

„Þjónustuskilmálar Google“, <http://www.google.com/intl/is/policies/terms/>, 1. mars 2012 (skoðað 14. ágúst 2013).

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson, *Kröfuréttur I. Efndir kröfu*. Reykjavík 2009.



## DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

*Hrd.1937, bls. 651*

*Hrd. 1940, bls. 352*

*Hrd. 1974, bls. 860*

*Hrd. 10. desember 2002 (530/2002)*

*Hrd. 15. mars 2012 (149/2012)*